



NÁTTÚRUSTOFA
VESTFJARÐA
FORNLEIFAEILD

Bolungarvík 9.02.2009.

Efni: Jarðstengur milli Dýra- og Arnarfjarðar

Áætlað er að leggja jarðsteng milli Dýra- og Arnarfjarðar, samhliða tilvonandi vegaf framkvæmdum á svæðinu. Fornleifaskráning hefur þegar farið fram á fyrirhuguðu framkvæmdarsvæði (Margrét Hallmundsdóttir og Caorline Paulsen 2008). Jarðstengurinn fylgir að mestu leiti fyrirhuguðum veglínunum og hafa því framkvæmdir við hann svipuð áhrif á menningarminjar og fjallað er um í fornleifaskráningarskýslu sem unnin var í tengslum við tilvonandi vegaf framkvæmdir.

Það er eingöngu á tveim stöðum þar sem að framkvæmdir við jarðstengin gætu haft áhrif á menningarminjar og það er í landi Ketilseyrar í Dýrafirði og landi Borgar í Borgarfirði.

Arnarfjörður

Borg ÍS-181571-8:001

Hlutverk: Bæjarstæði

Tegund: Býli

Staðsetning: 65°46'44.7N 23°10'07.4

Staðhættir. "Mörgálar hét blaut rauðamýri, sem lá niður undir götur við sjó og upp undir Kvíarholt. A.G. Nefnir Ála en ekki á sama stað, (innar) Ofan við Kvíarholtið var graslaut. Þar voru færíkvíar. Ofan við lautina var stórt holt, sem kallað var Bæjarholt. Bærinn stóð neðan og sunnanvert við holtið. Undir holtinu var stór steinn, sem kallaður var Grýlusteinn." (Örnefnaskrá Borgar) Bæjarstæðið stendur um 500 metra norður af Mjólkárvirikjun.

Minjalýsing. Sléttað hefur verið yfir bæjarstæðið en enn sést móta fyrir ávölum hól þar sem bærinn stóð áður.

Dýrafjörður

ÍS-140660-40:007

Hlutverk: Byrgi

Tegund: Heimild

Staðsetning: 65°51'09.5N 23°19'56.3V (sjá mynd 1).

Staðhættir. “Ofan til í Partinum er Lambabyrgi (48). Það er grjótborg, hlaðin í hring og veggirnir hlaðnir úr hellum, þannig að þeir hölluðust að sér og veittu því skjól í hretum. Þar í voru fráfarulömb höfð á nóttinni, þar til þau voru rekin á fjall, um 2 vikur, voru svo geymd á daginn í Partinum niður af Byrgi (49).” (Örnefnaskrá Ketilseyrar).


Minjalýsing. Rétt norðan við þjóðveginn. Hringlaga tóft, hlaðin úr torfi og grjóti. Þvermál að innanverðu er 6 metrar.

Niðurstöður

Í Ketilseyrarlandinu er hringlaga fjárborg sem stendur rétt norðan við þjóðveginn og bæjarhóll í landi Borgar sem gætu orðið fyrir áhrifum vegna lagningu jarðstrengs. Mikilvægt er að skurðurinn sem grafinn verður fyrir jarðstenginn verði þannig staðsettur að minjar verði ekki fyrir raski, þá bæði vegna ágangs vinnuvéla og svo vinnu við sjálfan skurðinn.

Heimildir:

Margrét Hallmundsdóttir og Caroline Paulsen. 2008. Fornleifakönnun vegna fyrirhugaðra gagna milli Arnarfjarðar og Dýrafjarðar. Náttúrustofa Vestfjarða, NV nr. 7-08.



Ketilseyri

ÍS-140660-40:007



Náttúrustofa Vestfjarða		
Dags. 09.02.2009		Loftmyndir ehf.
Teiknað HS	Fornleifar	
Breytt		

Mynd 1. Ketilseyri í Dýrafirði.